

GJALDSKRÁ

fyrir hunda-, katta- og fiðurfjárhald í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sett fram gjaldskrá um hunda- og kattahald ásamt gjaldskrá um fiðurfjárhald í þéttbýli skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

2. gr.

Árlega innheimtir sveitarsjóður gjald fyrir þau dýr sem leyfi er veitt fyrir, sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

Hundar:

- a. Skráningargjald, 8.580 kr.
- b. Almennt gjald, 8.971 kr. á ári. Hundahreinsunargjald innifalið.
- c. Handsömunargjald fer eftir tímalaunum samkvæmt gjaldskrá þjónustumiðstöðvar Þingeyjarsveitar.

Kettir:

- a. Skráningargjald, 8.580 kr.
- b. Almennt gjald, 8.971 kr. á ári. Ormahreinsun innifalin.
- c. Handsömunargjald fer eftir tímalaunum samkvæmt gjaldskrá áhaldahúss Þingeyjarsveitar.

Hænur:

- a. Skráningargjald vegna fiðurfjárhalds, 2.473 kr.
- b. Almennt gjald, 938 kr. á ári.
- c. Handsömunargjald fer eftir tímalaunum samkvæm gjaldskrá áhaldahúss Þingeyjarsveitar.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1752/2024. Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2025.

Þingeyjarsveit, 11. desember 2025.

Gerður Sigtryggisdóttir sveitarstjóri.